

Borgarráð

Svar við fyrirspurnum áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um skrifstofustjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar

Á fundi borgarráðs þann 30. ágúst sl. lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram eftirfarandi tvær fyrirspurnir:

Reykjavíkurborg réð nýjan skrifstofustjóra yfir skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, sem fer með málefni eignasjóðs Reykjavíkurborgar og vinnur að verkefnum á sviði atvinnuþróunar og uppbyggingar atvinnu og íbúðarhúsnæðis í borginni í byrjun júní sl. Hann hefur enn ekki hafið störf, hver er ástæða þess og hvenær er ætlunin að hann hefji störf?

Hvernig var ráðningarferli háttað við ráðningu skrifstofustjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar?

Svar:

Með auglýsingu Reykjavíkurborgar 17. mars sl. var auglýst laust til umsóknar starf skrifstofustjóra á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Alls sóttu 16 um starfið. Umsjón með ráðningarferlinu var í höndum þriggja manna ráðningarnefndar sem skipuð var borgarritara, sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs og starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar. Hlutverk hennar var m.a. að fara yfir umsóknir, taka viðtöl við þá umsækjendur sem metnir voru hæfastir og ræða við umsagnaraðila. Þegar að umsóknarfrestur var liðinn var farið yfir hæfni umsækjenda út frá þeim hæfnispáttum sem tilgreindir voru í auglýsingu og gerðir voru til starfsins. Á grundvelli heildstæðs mats á hæfni allra umsækjenda, byggðu á umsóknargögnum var í kjölfarið boðað til viðtala. Að lokum, var þeim sem metinn var hæfastur boðið starfið og ráðningarferlinu lauk í kjölfarið. Eins og greint var frá, á heimasíðu Reykjavíkurborgar í byrjun júní, var Brynjar Stefánsson ráðinn í starfið. Hann kom hins vegar ekki til starfa hjá Reykjavíkurborg og því liggur fyrir að auglýsa þarf starf skrifstofustjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar á ný. Stefnt er að því að auglýsa starfið laust til umsóknar síðar á þessu ári.

Stefán Eiríksson

